

HS Veitur hf.

Samandreginn árshlutareikningur  
30. júní 2015

HS Veitur hf.  
Brekkustíg 36  
260 Reykjanesbær

Kt. 431208-0590

## Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Könnunarályktun óháðra endurskoðenda .....	4
Yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjáryfirlit .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur HS Veitna hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hannn hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins 2.862 millj. kr. (1.1-30.06.2014: 2.612 kr.) og nam heildarhagnaður tímabilsins 338 millj. kr. (1.1-30.06.2014: 351 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 19.825 millj. kr. þann 30.06.2015 (31.12.2014: 19.178 millj. kr.). Eigið fé nam 8.083 millj. kr. eða 40,6% af heildarfjármagni (31.12.2014: 10.195 millj. kr. og 53,2%), arðgreiðsla tímabilsins nam 450 millj. kr. Auk þess voru keypt eigin hlutabréf að nafnvíröldi 262.129 (kaupverð 2 milljarðar) og hefur hlutafé verið lækkað sem því nemur.

Hluthafar félagsins voru 4 í lok tímabilsins en þeir eru:

	Eignarhluti
Reykjanesbær .....	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf .....	34,38%
Hafnarfjarðarbær .....	15,42%
Sandgerðisbær .....	0,10%

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þátttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til viðtökufélagsins þegar áætlunin var birt. Er því félagið ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 9.449 millj. kr. þann 30. júní 2015. Í skýringu 9 er farið nánar yfir stöðu HS Orku hf.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2015.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um stöðu félagsins og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 21. ágúst 2015

Stjórn:

Forstjóri:

# Könnunarályktun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfyrillit, sjóðstremisfyrillit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slik könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki vist að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi láutm við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2015 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 21. ágúst 2015.

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir  
endurskoðandi

Þorsteinn Guðjónsson  
endurskoðandi

## Yfirlit um heildarafkomu jan - júní 2015

	Skýr.	2015 Jan-Jún	2014 Jan-Jún
Rekstrartekjur .....	6	2.861.534	2.611.595
Kostnaðarverð sölu .....	( 1.930.217)	( )	1.807.772)
<b>Vergur hagnaður .....</b>		<b>931.317</b>	<b>803.823</b>
Annar rekstrarkostnaður .....	( 280.836)	( )	234.884)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>650.481</b>	<b>568.939</b>
Fjármunatekjur .....		80.524	72.053
Fjármagnsgjöld .....	( 335.442)	( )	229.598)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b>	<b>7</b>	<b>( 254.918)</b>	<b>( 157.545)</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		<b>395.563</b>	<b>411.394</b>
Tekjuskattur .....	( 57.371)	( )	60.794)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins .....</b>		<b>338.192</b>	<b>350.600</b>
 Hagnaður á hlut: Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....		0,31	0,26

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

## Efnahagsreikningur 30. júní 2015

	Skýr.	30.06.2015	31.12.2014
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	15.625.787	15.532.549	
Öefnislegar eignir .....	476.489	480.087	
Eignarhlutir í félögum .....	30.392	30.392	
Fastafjármunir samtals	<u>16.132.668</u>	<u>16.043.028</u>	
Rekstrarvörubirgðir .....	309.949	314.929	
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	694.343	706.216	
Handbært fé .....	2.770.004	2.114.081	
Veltufjármunir samtals	<u>3.774.296</u>	<u>3.135.226</u>	
Eignir samtals	<u>19.906.964</u>	<u>19.178.254</u>	
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....	1.074.300	1.336.429	
Lögbundinn varasjóður .....	268.575	334.107	
Óráðstafað eigið fé .....	6.740.125	8.524.271	
Eigið fé samtals	<u>8.083.000</u>	<u>10.194.807</u>	
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	8	8.569.779	6.019.842
Tekjuskattsskuldbinding .....		1.159.450	1.146.227
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		539.790	568.950
Aðrar langtímaskuldir .....	11	440.543	395.545
Langtímaskuldir samtals	<u>10.709.562</u>	<u>8.130.564</u>	
Vaxtaberandi skuldir .....		319.178	209.702
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		707.248	556.311
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		87.976	86.870
Skammtímaskuldir samtals	<u>1.114.402</u>	<u>852.883</u>	
Skuldir samtals	<u>11.823.964</u>	<u>8.983.447</u>	
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b><u>19.906.964</u></b>	<b><u>19.178.254</u></b>	

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

## Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2015

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>1. janúar - 30. júní 2014</b>				
Eigið fé 1. janúar 2014 .....	1.336.429	334.107	8.169.967	9.840.503
Greiddur arður .....			( 450.000)	( 450.000)
Heildarafkoma tímabilsins .....			350.600	350.600
Eigið fé 30. júní 2014 .....	1.336.429	334.107	8.070.567	9.741.103
<b>1. janúar - 30. júní 2015</b>				
Eigið fé 1. janúar 2015 .....	1.336.429	334.107	8.524.271	10.194.808
Lækkun hlutafjár .....	( 262.129)	( 65.532)	( 1.672.339)	( 2.000.000)
Greiddur arður .....			( 450.000)	( 450.000)
Heildarafkoma tímabilsins .....			338.192	338.192
Eigið fé 30. júní 2015 .....	1.074.300	268.575	6.740.124	8.083.000

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

## Sjóðstreymisyfirlit jan-jún 2015

	Skýr.	2015 Jan-jún	2014 Jan-jún
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður tímabilsins .....		338.192	350.600
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárvstreymi:			
Lifeyrisskuldbinding, hækkun .....		65.030	13.291
Afskriftir .....		289.194	279.849
Sölu(hagnaður)/tap fastafjármuna .....	(	1.838)	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		284.239	158.309
Tekjuskattur .....		13.223	60.794
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		988.040	862.843
Rekstrarvöruburgðir, (hækkun) /lækkun .....		4.980	( 57.498)
Skammtímakröfur, (hækkun) / lækkun .....		11.873	68.873
Skammtímaskuldur, hækkun / (lækkun) .....		120.312	115.376
Fyrirfram innheimtar tekjur, hækkun / (lækkun) .....	(	28.054)	29.187
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.097.151	1.018.781
Innheimtar vaxtatekjur .....		45.931	81.243
Greidd vaxtagjöld .....	(	130.217)	( 107.176)
Handbært fé frá rekstri		1.012.865	992.848
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(	377.453)	( 360.753)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	4.926)	0
Seldir fastafjármunir .....		5.384	0
Keypt hlutafé í öðrum félögum .....		0	( 20.449)
Fjárfestingarhreyfingar	(	376.995)	( 381.202)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Ný langtímalán .....		2.645.050	0
Greiddur arður .....	(	450.000)	( 450.000)
Afborganir langtímalána .....	(	154.965)	( 100.122)
Greiddar aðrar langtímaskuldur .....	(	20.032)	0
Keypt hlutafé .....	(	2.000.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar		20.053	( 550.122)
Hækkun á handbæru fé .....		655.923	61.524
Handbært fé í ársbyrjun .....		2.114.081	1.744.259
Handbært fé í lok tímabilsins		2.770.004	1.805.783

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

HS Veitur hf. er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjaneshús. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandreginn árshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning fyrir árið 2014. Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings fyrir árið 2014. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is)

Árshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram. Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði.

## 4. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 5. Stýring fjármálalegrar áhættu:

### a. Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir er yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

### b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

#### (i) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhætta.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við forvera þess og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulegar tölulegar upplýsingar um breytingar á aldri viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags. Vegna versnandi efnahagsástands á árinum 2008 til 2012 er veittur styrti tími frá því að viðskiptamaður hættir að greiða þar til lokað er fyrir notkun hans.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

## Skýringar, frh.: ---

### 5. Stýring fjármálalegrar áhættu, frh.:

#### c. Lausafjárhætta

Lausafjárhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

#### d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

##### (i) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

##### (ii) Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtryggðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

##### (iii) Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

#### e. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaflokki HSV 13/01 er ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%

#### f. Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntöllum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi en mismunandi arðsemi (5,26% 2015), en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjurammi er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð í árshlutareikninginn skuldbinding vegna hugsanlegra oftekinna tekna áranna 2011 – 2014.

## Skýringar, frh.:

### 6. Starfspáttaryfirlit

Starfspáttauplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum tímabilsins.

Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2015	Raforku-dreifing	Heitt vatn	Ferskt vatn	Annað	Samtals
		sala og dreifing	sala og dreifing		
Rekstrartekjur samtals .....	1.482.375	958.770	296.267	124.122	2.861.534
Rekstrarafkoma starfspáttá .....	353.846	185.934	97.449	13.252	650.481
<b>Óskiptir liðir</b>					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....				( 254.918)	
Tekjuskattur .....				( 57.371)	
Heildarhagnaður tímabilsins .....				338.192	
Eignir starfspáttá .....	10.554.991	3.191.971	2.252.886	102.428	16.102.276
Óskiptar eignir .....					3.804.688
Eignir samtals .....					19.906.964
					11.823.964
Fjárfestingar .....	302.444	43.319	35.650	966	382.379
Afskriftir .....	189.221	52.676	45.889	1.408	289.194
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....					939.675
Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2014	Raforku-dreifing	Heitt vatn	Ferskt vatn	Annað	Samtals
		sala og dreifing	sala og dreifing		
Rekstrartekjur samtals .....	1.352.103	887.202	282.192	90.098	2.611.595
Rekstrarafkoma starfspáttá .....	372.319	80.756	96.252	19.612	568.939
<b>Óskiptir liðir</b>					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....				( 157.545)	
Tekjuskattur .....				( 60.794)	
Heildarhagnaður tímabilsins .....				350.600	
Eignir starfspáttá .....	10.280.798	3.221.218	2.257.725	104.703	15.864.444
Óskiptar eignir .....					2.811.613
Eignir samtals .....					18.676.057
Óskiptar skuldir .....					8.934.954
Fjárfestingar .....	333.061	20.580	6.879	233	360.753
Afskriftir .....	182.307	51.047	45.120	1.375	279.849
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....					848.788

## Skýringar, frh.:

### 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2015 Jan-Júní	2014 Jan-Júní
Vaxtatekjur .....	80.524	72.053
Fjármunatekjur samtals .....	80.524	72.053
Vaxtagjöld og verðbætur .....	335.256	229.631
Gengistap .....	186	( 33)
	<u>335.442</u>	<u>229.598</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	( 254.918)	( 157.545)

### 8. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðaverði, greinast þannig:

	30.06.2015	31.12.2014
<b>Langtímaskuldir</b>		
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum .....	8.888.957	6.229.544
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	( 319.178)	( 209.702)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals .....	<u>8.569.779</u>	<u>6.019.842</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	319.178	209.702
Vaxtaberandi skuldir samtals .....	<u>8.888.957</u>	<u>6.229.544</u>

### Skilmálar vaxtaberandi skulda

Lokagjalddagi	Meðalvextir	Eftirstöðvar	30.06.2015	31.12.2014
			Meðalvextir	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir í ISK ...	2015-2033	3,8%	8.888.957	4,0%      6.229.544
Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:			30.06.2015	31.12.2014
Afborganir 1.7.2015-30.6.2016 .....			319.178	209.702
Afborganir 1.7.2016-30.6.2017 .....			331.259	217.640
Afborganir 1.7.2017-30.6.2018 .....			343.798	225.878
Afborganir 1.7.2018-30.6.2019 .....			1.532.601	1.390.447
Afborganir 1.7.2019-30.6.2020 .....			370.317	243.301
Afborganir 1.7.2020-30.6.2021 .....			384.334	252.511
Afborganir 1.7.2021-30.6.2022 .....			398.882	262.069
Síðar og til 2033 .....			5.521.300	3.830.286
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun .....			<u>9.201.669</u>	<u>6.631.834</u>

Nýr skuldabréfaflokkur HSVE 15 01 var gefinn út á árinu rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Nýi flokkurinn er 2.500.000 þús. króna að nafnverði og ber 3,75% verðtryggða vexti. Höfuðstóll og vextir greiðast á sex mánaða fresti þar á eftir.

Afföll vaxtaberandi skulda nema 313 milljónum króna þann 30.06.2015 og eru færð til lækkunar á bókfærðu virði og gjaldfærð yfir líftímann.

## Skýringar, frh.:

### 9. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þátttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar áætlunin var birt. Er félagið því ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 9.449 millj. kr. 30. júní 2015 (2014: 9.449 millj. kr.).

HS Orka hf. skilaði inn árshlutareikningi fyrir janúar til júní 2015 þann 11. ágúst síðastliðinn. Samkvæmt árshlutareikningi var heildarhagnaður fyrri hluta ársins um 75 millj. kr. (hagnaður fyrri hluta 2014 um 740 millj. kr.), eigið fé félagsins var 58,8% í lok júní 2015 (í árslok 2014: 59,7%) og handbært fé frá rekstri var 1.458 millj. kr. (fyrri hluta 2014: 1.425 millj. kr.). Það er því mat stjórnenda að líkur á að á þessa ábyrgð reyni séu hverfandi.

### 10. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða veruleg áhrif. Félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast tengdir aðilar.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengda 01.01. - 30.06.2015:	Keypt þjónusta	Seld þjónusta	Kröfur	Skuldir
HS Orka hf. ....	720.062	50.498	12.249	123.820
Reykjanesbær, hluthafi .....	3.951	64.883	17.859	2.546
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	10.896	44.901	7.516	5.364
	734.909	160.282	37.624	131.730

Viðskipti við tengda 01.01. - 30.06.2014:	Keypt þjónusta	Seld þjónusta	Kröfur	Skuldir
HS Orka hf. ....	992.514	43.099	52.157	135.382
Reykjanesbær, hluthafi .....	0	69.914	36.158	1.926
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	0	43.151	7.358	5.108
	992.514	156.164	95.673	142.416

### 11. Aðrar langtímaskuldir / Lífeyrisskuldbinding

Í ársþyrjun 2015 færðust 83 starfsmenn HS Orku hf. til HS Veitna hf. Þar af leiðandi þurfti að endurskoða verksamning milli félaganna. Við þá endurskoðun komust stjórnendur HS Veitna hf. að þeirri niðurstöðu að meðhöndlun á hlutdeild félagsins í lífeyrisskuldbindingu HS Orku hf. væri ekki í samræmi við skiptingu eigna og skulda þegar Hitaveitu Suðurnesja hf. var skipt upp árið 2008 í þessi tvö félög. Því var gerður viðauki í janúar 2015 við nýja verksamninginn þar sem fram kemur að stefnt er að því að leysa úr þessum ágreiningi á árinu 2015. Niðurstöður vegna ágreiningsins getur einungis verið HS Veitum hf. til bóta þar sem meðhöndlun lífeyrisskuldbindinganna í ársreikningi þessum er með sama hætti og áður en með fyrirvara um leiðréttingu. Reiknuð hækkan skuldbindingarinnar var 65 m.kr. en til frádráttar koma greiðslur til HS Orku samkvæmt viðaukanum að upphæð 17 m.kr. en til LSH 3 m.kr.